





Reykjavík, 21. júlí 2026
USK26060361

Urðarstígur 7a – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna breytingar á þaki


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Baldurssonar, dags. 23. júní 2026 varðandi breytingu og hækkun á þaki húss við Urðarstíg 7a. Gert er ráð fyrir hækka þakhæð úr 2,26 m í 3,41 m, breyta þakhalla úr 30° í 40° og setja kvist með 1,6 m djúpum svölum að vestan og kvist með frönskum svölum að austan megin.



Aðalskipulag Reykjavíkur
2040



Loftmynd map.is



Fyrirhuguð hækkun

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin íbúðarsvæði *ÍB10-Píngholt* og hverfisverndarsvæði *HV26-Hverfisvernd innan Hringbrautar*.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að leggja mat á erindið með hliðsjón af byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum svæðisins og ákvæðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, einkum um hverfisvernd.

Umsögn

Húsið við Urðarstíg 7a var byggt árið 1922 og árið 1933 var byggð við það önnur hæð samkvæmt teikningum Sigmundar Halldórssonar. Þar sem húsið var reist fyrir árið 1924 nýtur það friðunar samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Samkvæmt ákvæðinu má ekki breyta, raska, rífa eða flytja húsið nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Í ákvæðum aðalskipulags fyrir hverfisvernd innan Hringbrautar kemur fram að *svípmóti húsa, á tilgreindum verndarsvæðum sem verða nánar afmörkuð í deili og/eða hverfisskipulagi, varðandi ytra byrði, veggáferð, gluggagerðir og þak verði sem minnst raskað og endurbygging miðist sem mest við upphaflega gerð hússins*.



Reykjavík



Með hliðsjón af aldri Urðarstígs 7a, staðsetningu þess innan eldri byggðar í miðborginni og ákvæðum hverfisverndar á reitnum er tekið neikvætt í erindið á þessu stigi. Senda þarf fyrirspurn til umsagnar að nýju þegar afstaða Minjastofnunar Íslands liggur fyrir auk frekari greiningar á áhrifum fyrirhugaðrar hækkunar þaks á yfirbragð byggðarinnar og hagsmuni nágranna.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið þar til umsögn Minjastofnunar Ísland á fyrirhuguðum breytingum liggur fyrir.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík